

Upplýsingaöryggisstefna VIRK

Tilgangur og gildissvið:

Tilgangur með upplýsingaöryggisstefnu VIRK er að vernda upplýsingaeignir VIRK (m.a. trúnaðargögn einstaklinga m.t.t. persónuverndar) og uppfylla markmið, skilyrði og skyldur laga og reglugerða. Þessi stefna er mótuð í samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla.

Stefna VIRK í upplýsingaöryggismálum nær til starfsemi VIRK í heild sinni. Stefnan er bindandi fyrir alla starfsmenn VIRK og nær til starfsfólks, ráðgjafa, verktaka og þjónustuaðila VIRK. Hér eftir nefnt samstarfsaðilar og nær til meðhöndlunar allra upplýsingaeigna í starfsemi VIRK.

Markmið:

Meginmarkmið með stefnunni er að vernda upplýsingaeignir VIRK gegn hættum, innan frá eða utan hvort sem er óviljandi eða vísvitandi.

- VIRK leggur áherslu á stjórnun upplýsingaöryggis til að tryggja upplýsingaöryggi gagna, áframhaldandi rekstur og lágmarka tjón, ef skaði verður, með því að koma í veg fyrir eða lágmarka áhrif af atvikum.
- VIRK leggur áherslu á öryggisvitund starfsfólks og samstarfsaðila, tryggir fræðslu í samræmi við verkefni og ábyrgð.
- Upplýsingakerfi VIRK innihalda trúnaðargögn sem ekki má nota í öðrum tilgangi né umfram það sem nauðsynlegt er vegna starfseminnar.
- Starfsfólk og samstarfsaðilar eru skuldbundnir til að vernda gögn VIRK gegn óheimilum-aðgangi, notkun, uppljóstrun, eyðileggingu, breytingu eða flutningi.
- VIRK skuldbindur sig til að hámarka öryggi trúnaðarupplýsinga í vörslu VIRK m.t.t. áreiðanleika, aðgengi og trúnað.
- VIRK stefnir að því að nýta upplýsingatækni á hverjum tíma til að afla gagna og miðla þeim á öruggan og hagkvæman hátt.
- Upplýsingaöryggisstefna VIRK er í samræmi við:
 - Lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða
 - Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ.m.t. Reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga
 - ISO-9001 Gæðastjórnunarkerfi - kröfur
 - ISO 27001 Upplýsingatækni - Öryggistækni - Stjórnkerfi Upplýsingaöryggis.
- VIRK framkvæmir úttektir, áhættumat, greinir frávik og endurskoðar þessa stefnu, markmið hennar og leiðir (öryggisráðstafanir) eins og tilefni er til.

Ábyrgð:

- Framkvæmdastjóri VIRK er ábyrgur fyrir öryggi upplýsingaeigna.
- Yfirlæknir VIRK ber ábyrgð á upplýsingaskrá um einstaklinga í þjónustu VIRK.
- Gæða- og öryggisstjóri ber ábyrgð á innleiðingu á upplýsingaöryggisstefnu.
- Stjórnendur bera ábyrgð á að starfsfólk og samstarfsaðilar fylgi upplýsingaöryggisstefnu VIRK.
- Starfsfólki og samstarfsaðilum ber að fylgja upplýsingaöryggisstefnu VIRK.

Reykjavík 7. júní, 2016